

ÁRSSKÝRSLA

Bandalag íslenskra skáta

2024

ATRIÐASKRÁ

4 Kveðja frá skátahöfðingja
6 Stjórn, starfsfólk og fastaráð BÍS
18 Kjarnastarfsemi BÍS
18 Stefna
19 Stuðningur við starf félaganna
21 Félagaþrennan
23 Helstu viðburðir sem BÍS kom að
26 Dagskrárviðburðir
28 Landsmót skáta
30 Fræðsluviðburðir
34 Skátastarf
40 Sjálfboðaliðar
58 Dótturfélög BÍS
64 Samstarfsvettvangur BÍS

Bandalag íslenskra skáta | Hraunbær 123, 110 Reykjavík | Sími 5509800 |
skatarnir@skatarnir.is | www.skatarnir.is



KVEÐJA FRÁ SKÁTAHÖFÐINGJA

SKÁTAHJARTAÐ OG LANDSMÓTSHOLAN

Það var með spennuhnút í maganum sem ég keyrði austur á Úlfljótsvatn viku fyrir Landsmót skáta síðastliðið sumar. Ég reisti tjaldið mitt og setti kaffikönnuna á gashelluna. Ég var komin heim í Undralandið og vissi að næstu 3 vikur yrðu ævintýralegar. Strax þarna viku fyrir mót voru skátar eins og ég farin að tínast inn á svæðið, sum að koma langt að, önnur bara rétt yfir hæðina. Þessir skátar voru mættir til að taka til hendinni, slá síðustu flatirnar, tengja síðustu sturturnar og leggja rafmagn víðsvegar um svæðið. Næstu daga jókst spennuhnúturinn og á sama tíma fjölgaði tjöldunum og kunnuglegu andlitunum. Dagarnir hófust ætíð á kaffibolla, svo voru skórnir reimaðir og ekki teknir aftur af fyrr en tími var til að hátta. Alls staðar í kring var líf og fjör, gleði til verka og tilhlökkun.

Átta ár eru langur tími. Í átta ár höfum við ekki hist augliti til auglitis og strengt upp stærstu tjöldin, reist stærstu fánastangirnar eða strengt fjölmennustu skátaheitin. Standandi á miðju tjaldstæðinu horfandi á dugnaðinn, eljuna og gleðina í augum tvö þúsund skáta iðandi í kring sá ég kjarnann okkar og tilgang, alþjóðlegu æskulýðshreyfinguna, draum Baden Powell. Ungt fólk og börn sem tókust á við veðurbrigðin í frelsi skátaaðferðarinnar með traustan stuðning hinna fullorðnu. Mótsstjórn og starfsfólk sem mörg höfðu aldrei tekið þátt í Landsmóti öðruvísi en sem þátttakendur lyftu grettistaki byrjandans án þess að á mótinu sæist nokkur byrjandabragur, ekki síst vegna allra þeirra reyndu og eldri sem stigu undir þar sem þurfti og saman reis mótið upp með glæsibrag.
Einn góður skáti hafði á orði á miðju móti: „Veistu, ég er búin að vera með holu í hjartanu sem ég vissi ekki af og núna finn ég að það var Landsmót skáta sem mig vantaði í líf mitt allan þennan tíma“. Ég held að mörg okkar eldri höfum fundið fyrir sömu tilfinningu, nú er allt eins og það á að vera.

Ég vil nota tækifærið og þakka af öllu hjarta öllum þeim skátum sem komu að mótinu, á öllum stigum þess. Foringjar, fararstjórar, foreldrar, sjálfboðaliðar mótsins og starfsfólk, þið bjugguð til risastórt ævintýri sem skátarnir okkar eiga eftir að muna eftir og vitna í alla ævi. TAKK!

Það er alveg sama hversu marga skátafundi við höldum, hversu margar dagsferðir við förum í eða hversu mörgum færnimerkjum við vinnum að, hið sanna hjarta hreyfingarinnar finnst í samstöðunni og samfélaginu sem við finnum svo sterkt fyrir á skátamótum. Það má ekki gleymast að skátafundirnir eru undirstaðan og undirbúningurinn en markmiðið er að skátarnir standi öruggir á fyrsta degi skátamótsins og viti hvert hlutverk þeirra er í tjaldbúðinni. Fyrir utan aukinn persónulegan þroska og sjálfstraust skátanna sem fylgir þeim heim af mótinu er það fræ friðarboðskaps skátahreyfingarinnar og umburðarlyndi gagnvart ólíkum heimum það sem skilar samfélaginu okkar dýrmætum auði.



Harpa Ósk Valgeirsdóttir
Skátahöfðingi

STJÓRN, STARFSFÓLK OG FASTARÁÐ BÍS

STJÓRN BÍS

Skátahöfðingi
Harpa Ósk Valgeirsdóttir
Ægisbúum, kjörin 2022
Tengiliður við Alþjóðafulltrúa

Aðstoðarskátahöfðingi
Þórhallur Helgason
Segli, kjörinn 2020
Tengiliður Útilífsráðs

Gjaldkeri
Sævar Skaptason
Kópum, kjörinn 2019
Stjórnarformaður Grænna skáta

Meðstjórnandi
Auður Sesselja Gylfadóttir
Ægisbúum, kjörin 2024
Tengiliður Ungmennaráðs

Meðstjórnandi
Davíð Þrastarson
Garðbúum, kjörinn 2023
Tengiliður við Alþjóðafulltrúa

Meðstjórnandi
Guðrún Stefánsdóttir
Hraunbúum, kjörin 2022
Tengiliður Skátaskólans

Meðstjórnandi
Unnur Líf Kvaran
Skjöldungum, kjörin 2022
Tengiliður Starfsráðs

Alþjóðafulltrúar BÍS í heimsbandalögum skáta
Berglind Lilja Björnsdóttir IC WOSM
Egle Sipaviciute IC WAGGGS

FASTARÁÐ BÍS

Eftirtalin voru kjörin í fastaráð á skátaþingi 2024

Alþjóðaráð
Andri Rafn Ævarsson
Daði Már Gunnarsson
Sunna Dís Helgadóttir
Sandra Óskarsdóttir

Skátaskólinn
Björk Norðdahl
Elín Esther Magnúsdóttir
Harpa Hrönn Grétarsdóttir
Kristín Hrönn Þráinsdóttir
Sebastian Fjeldal Berg

Starfsráð
Fanný Björk Ástráðsdóttir
Jóhanna Björg Másdóttir
Sigurður Viktor Úlfarsson
Valur Kári Óskarsson
Védís Helgadóttir

Ungmennaráð
Annika Daníelsdóttir Schnell
Grímur Chunkuo Ólafsson
Hafdís Rún Sveinsdóttir
Lára Marheiður Karlsdóttir
Þorkell Grímur Jónsson

Útilífsráð
Anna Margrét Tómasdóttir
Erla Sóley Skúladóttir
Jakob Frímann Þorsteinsson
Ævar Aðalsteinsson



SKÁTAMIÐSTÖÐIN



Ragnar Þór Þrastarson
Framkvæmdastjóri BÍS, Skátabúðarinnar, Úlfljótsvatns og Skátamóta.

Ragnar stýrir daglegum rekstri Skátamiðstöðvarinnar, Skátabúðarinnar og Úlfljótsvatns ásamt verkefnum Skátamóta. Hann er í forsvari fyrir BÍS gagnvart hinu opinbera, fjölmiðlum og helstu samstarfsaðilum skátahreyfingarinnar á Íslandi. Áherslur Ragnars í starfi er styrking reksturs félaganna, bæði fjárhagslega og með traustum og hæfum mannauð ásamt því að stuðla að jákvæðum og heilnæmum vinnuanda og vinnuumhverfi. Ragnar situr í stjórn Æskulýðsvettvangsins fyrir hönd skátanna og gegnir þar formennsku.



Harpa Ósk Valgeirsdóttir
Skátahöfðingi

Harpa starfaði við hlið framkvæmdastjóra BÍS hluta af ári þegar framkvæmdastjóri þurfti að flytjast yfir á Úlfljótsvatn tímabundið vegna undirbúnings á Landsmóti skáta. Orsakaðist það vegna þess að rekstrarstjóri ÚSÚ lét af störfum með skömmum fyrirvara stuttu fyrir Landsmót . Harpa sinnti einnig trúnaðarmálum og mannauðsmálum sjálfboðaliða í sjálfboðastarfi.



Halldóra Inga Ingileifsdóttir
Fjármálastjóri

Halldóra er fjármálastjóri BÍS og dótturfélaga. Hún vinnur náið með framkvæmdastjórum og stjórnum BÍS og dótturfélaga. Sem fjármálastjóri sér Halldóra um fjármálaumsýslu, greiðslu reikninga, gerð fjárhagsáætlana og spilar stórt hlutverk í þeirri vegferð að ramma inn og endurskipuleggja fjármál BÍS og dótturfélaga.



Hilda Ösp Stefánsdóttir
Bókari

Hilda er bókari BÍS og dótturfélaga og vinnur náið með framkvæmdastjórum þeirra og fjármálastjóra ásamt stjórnendum dótturfyrirtækja BÍS. Hennar helstu verkefni snúa að innheimtu og færslu bókhalds BÍS og dótturfyrirtækja þess. Hilda sér um launavinnslu hjá BÍS, Skátamótum og Úlfljótsvatni ásamt því að sinna hlutverki trúnaðarmanns starfsfólks.



Katrín Kemp Stefánsdóttir
Verkefnastýra skrifstofu og fræðslumála

Katrín er verkefnastýra skrifstofu og fræðslumála, hún sinnir verkefnastýringu á verkefnum skrifstofu og hefur yfirumsjón með fræðsluefni og námskeiðaframboði á vegum BÍS. Katrín vinnur að markmiðum BÍS um Skátaskólann og er í nánu samstarfi við sjálfboðaliðana sem mynda stjórn skólans. Hún vinnur líka með leiðbeinendasveit BÍS sem sinnir skipulagi og framkvæmd námskeiða með dyggum stuðningi hennar. Katrín hefur tekið þátt í endurskipulagningu Gilwell þjálfunarinnar og stuðningi við Gilwell sveitina. Katrín og erindrekar BÍS vinna einnig náið saman að átaksverkefnum sem snúa að fræðslu- og þjálfunarmálum.



Úlfur Kvaran
Sölu- og markaðsfulltrúi Skátabúðarinnar

Úlfur er sölu- og markaðsfulltrúi Skátabúðarinnar og hefur stutt uppbyggingu hennar árið 2024. Hans viðvera og reynsla í sölu hefur aukið þjónustu Skátabúðarinnar. Uppbygging Skátabúðarinnar heldur áfram og er markmiðið að bjóða upp á vörur og þjónustu sem hentar skátasamfélaginu. Eitt stærsta verkefni Skátabúðarinnar er sala jólatrjáa undir nafninu Sígræna jólatréð og gengur það vel. Úlfur býður öll velkomin í Hraunbæ 123 til samtals og að skoða spennandi vöruúrval Skátabúðarinnar.



Sædís Ósk Helgadóttir
Erindreki

Sædís er erindreki BÍS. Helstu hlutverk hennar er að styðja sjálfboðaliða skátahreyfingarinnar, vera í samskiptum við skátafélög um land allt og sinna átaksverkefnum sem snúa að stuðningi sjálfboðaliða. Sædís leggur áherslu á að halda opnu samtali milli Skátamiðstöðvarinnar og sjálfboðaliða skátahreyfingarinnar til að efla skátaumhverfið. Þá leggur hún einnig mikla áherslu á sjálfbærni í skátastarfi og aðstoðar fastaráð BÍS og vinnuhópa með sín verkefni og viðburði.



Andrea Dagbjört V. Pálsdóttir
Erindreki

Andrea kom til starfa í nóvember 2024 með mikla reynslu í farteskinu sem hún hóf strax að miðla, bæði til starfsfólks Skátamiðstöðvarinnar og skátafélaganna. Helstu hlutverk hennar eru líkt og Sædísar að styðja við sjálfboðaliða skátahreyfingarinnar, vera í samskipum við skátafélögin um land allt og sinna átaksverkefnum sem snúa að stuðningi sjálfboðaliða. Þá leggur Andrea áherslu á stuðning við skátaforingja og að miðla stuðningsefni til þeirra. Við bjóðum Andreu velkomna og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.



Halldóra Aðalheiður Ólafsdóttir
Kynningarmálastýra

Halldóra er kynningamálastýra og stýrir ímyndar-og markaðsmálum BÍS auk Úlfljótsvatns, Skátabúðarinnar og Skátamóta. Hún stýrir samfélagsmiðlum og býr til efni til að sýna frá starfinu. Halldóra hefur lyft grettistaki þegar kemur að heimasíðu BÍS og mun sú vinna halda áfram við að betrumbæta aðgengi og skipulag ásamt því að bæta við þeim hlutum sem skátasamfélagið hefur kallað á að bætist við. Halldóra byrjaði hjá BÍS á árinu 2024 sem erindreki en tók svo við af Ritu Osório. Við hlökkum til frekara samstarfs með Halldóru í nýju hlutverki.



Rita Osório
Kynningarmálastýra

Ritu þarf vart að kynna en hún vann ötullt starf fyrir BÍS og dótturfélög þegar kom að markaðsefni, kynningarmálum og stuðningi við stjórnendur og sjálfboðaliða svo lítið eitt sé nefnt. Rita stýrði ímyndar- og markaðsmálum fyrir BÍS og dótturfélög með glæsibrag. Á árinu 2024 hætti Rita störfum hjá BÍS er hún fluttist erlendis og sjáum við öll eftir henni en að sama skapi þökkum við Ritu sérstaklega fyrir vel unnin störf og óskum henni góðs gengis í nýjum verkefnum.



Kolbrún Ósk Pétursdóttir
Viðburða- og fjáröflunarstýra

Kolbrún Ósk var starfsmaður Landsmóts skáta 2024 og sinnti verkefnum skrifstofu þegar kom að stærri skátamótum. Árangur Kolbrúnar og hennar teymis var undirstrikaður þegar vel heppnað Landmsót skáta var haldið á Úlfljótsvatni þar sem þúsundir erlendra og íslenskra skáta tóku þátt. Kolbrún réri á önnur mið um áramótin '24/'25 og þökkum við henni fyrir vel unnin störf og óskum henni góðs gengis í nýjum verkefnum.



Bjarki Rafn Andrésson
Starfsmaður Skátamóta

Bjarki var starfsmaður Skátamóta árið 2024. Bjarki kom í vettvangsnám í Skátamiðstöðina og líkaði svo vel að hann sótti um stöðu. Bjarki var mótsstjórn Landsmóts skáta innan handar og sinnti ótal verkefnum þegar kom að framkvæmd Landsmóts og samskiptum við erlenda þátttakendur. Bjarki sigldi á önnur mið í haust og þökkum við honum fyrir frábært samstarf og vel unnin störf og óskum honum góðs gengis í nýjum verkefnum.

ÚTILÍFSMIÐSTÖÐ SKÁTA ÚLFLJÓTSVATNI



Elín Esther Magnúsdóttir
Rekstrarstjóri

Elín hóf aftur störf hjá Úlfljótsvatni á árinu 2024 en hún er öllum hnútum kunn á svæðinu eftir sín fyrri störf þar. Hennar hlutverk er að framfylgja stefnu BÍS á Úlfljótsvatni, huga að starfsfólki og daglegum rekstri staðarins í samráði við framkvæmdastjóra BÍS. Elín tók við af Javier Paniagua Petisco. Við bjóðum Elínu velkomna til starfa og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.



Sjöfn Ingvarsdóttir
Skóla-, dagskrár og sumarbúðastýra

Sjöfn þarf vart að kynna en hún er ábyrg fyrir skipulagningu, framkvæmd og endurmati á skóla- og sumarbúðum Úlfljótsvatns. Sjöfn er einnig talsmaður skóla- og sumarbúða ásamt því að eiga í samskiptum við viðskiptavini Úlfljótsvatns. Metnaður fyrir dagskrá, leikgleði og almennur drifkraftur einkennir Sjöfn og mun hún stýra þeim þætti á Úlfljótsvatni árið 2025 með rekstrarstjóra.



Tero Marin
Tjaldbúða- og svæðisstjóri

Tero er okkur öllum kunnugur sem þúsundþjalasmiður en hann sér um skipulagningu og framkvæmd almenns viðhalds á húsnæði og innviðum Úlfljótsvatns ásamt því að sinna tjaldsvæðinu með teymi sjálfboðaliða. Tero sér um samskipti við Skógræktina og leiðir verkefni landgræðslu og skógræktar á svæðinu. Tero mun hætta störfum hjá Úlfljótsvatni á árinu 2025 og er vinna hafin við að finna staðgengil hans. Þökkum við Tero kærlega fyrir vel unnin störf og mikla skuldbindingu hans við staðinn, starfsfólk og sjálfboðaliða. Við óskum honum góðs gengis í nýjum verkefnum.



Daði Már Gunnarsson
Skólabúðastarfsmaður

Daða þekkja allir skátar enda hefur hann látið víða til sín taka í hreyfingunni. Daði hóf starf á haustmánuðum 2024 sem starfsmaður skólabúðanna, í viðleitni til að fjölga íslenskumælandi starfsfólki. Daði sér einkum um dagskrá seinni part og á kvöldin auk þess að sinna afleysingum. Daði er fjölhæfur með eindæmum, nær afskaplega vel til barna og unglinga og hefur reynst erlendu sjálfboðaliðunum mikil hjálp við að kynnast landi og þjóð.



Javier Paniagua Petisco (Pani)
Rekstrarstjóri

Pani stýrði Úlfljótsvatni með góðum hópi fólks en hélt á vit nýrra og spennandi ævintýra á vormánuðum 2024 þegar hann var ráðinn nýr framkvæmdastjóri KISC, alþjóðamiðstöðvar skáta í Kandersteg. Við þökkum Pani kærlega fyrir vel unnin störf undanfarin ár og óskum honum velfarnaðar í nýju starfi.



Matthew Dineen
Dagskrár- og samhæfingarstjóri

Matthew lagði ómælda vinnu í dagskrá og samræmingu lykilhópa sem unnu að því að láta starfsemi Úlfljótsvatns ganga upp frá degi til dags. Matthew var virkur í að halda utan um mikilvægan hóp sjálfboðaliða og verður áskorun að fylla það gat sem Matthew skilur eftir sig. Matthew tók við spennandi stöðu í skátamiðstöð á Írlandi og sjáum við á eftir honum með trega en við óskum honum til hamingju með stöðuna, þökkum samstarfið og óskum honum velfarnaðar í nýju starfi.



KJARNASTARFSEMI BÍS

STEFNA

Stefna BÍS, fyrirmynd til framtíðar, hefur leitt okkur áfram síðustu fjögur árin og hefst nú fimmta og síðasta árið. Þá er sannarlega góður tími til að minna okkur á leiðarljós og þá framtíðarsýn sem skátar sköpuðu árið 2020:

"Leiðarljós
Leiðarljós skátanna er að bjóða öllum skátum, ungum sem öldnum, ævintýralegan vettvang, fjölbreytt tæki og persónulegu áskoranir til að tileinka sér samfélagsvitund og færni til framtíðar.

Framtíðarsýn
Árið 2025 hafa skátarnir endurskoðað og endurbætt starfsemi sína svo um munar, framsýni og fagmennska einkennir störf skátanna. Skátastarfið er nútímalegt og ímyndin er jákvæð. Starfandi skátafélögum hefur fjölgað um 5 og sjálfboðaliðum í skátastarfi hefur fjölgað jafnt og þétt. Fleiri börn og ungmenni stunda skátastarf þar sem þau læra færni til framtíðar og láta sig samfélagið varða. Í starfinu njóta þau leiðsagnar fullorðinna sjálfboðaliða sem eru glaðir og ánægðir með sitt hlutverk og verkefni og gefst færi á að sækja sér vandaða þjálfun í Skátaskólanum".

Það má með sanni segja að síðustu fjögur ár hafa verið helguð endurskoðun og endurbætingu skátastarfsins með kröftugum starfsgrunni og nýjum námskeiðum. Árið 2024 hefur farið í undirbúning ímyndaátaks og fjölgun deilda og skátafélaga á landsbyggðinni sem lítur dagsins ljós á vormánuðum 2025. Það er ánægjulegt að sjá að meirihluti stefnunnar hefur nú þegar tekið gildi og má sérsaklega fagna aukinni þátttöku ungmenna í ákvarðanatöku innan Bandalags íslenskra skáta. Árið 2025 verður því ár ígrundunar og endurskoðunar á sama tíma og við tökum stefnuna fram á við og byrjum að leggja grunninn að stefnu skátahreyfingarinnar 2026-2030.

STUÐNINGUR VIÐ STARF FÉLAGANNA

Stuðningur við ný og viðkvæm félög

Aukin áhersla var lögð á stuðning við ný og viðkvæm félög haustið 2024. Mikil undirbúningsvinna var sett af stað fyrir Hringferðina en markmið verkefnisins er að koma af stað og styðja við skátastarf á landsbyggðinni. Meðal verkefna haustið 2024 var handbók um stofnun nýrra skátafélaga en hún getur einnig reynst gagnlegt tól við endurvakningu skátafélaga í dvala. Handbókina má finna á heimasíðu skátanna undir: „útgefið efni – handbækur".

Áhugasamir foreldrar höfðu samband við Skátamiðstöðina og lýstu yfir áhuga á að endurvekja Skátafélag Borgarness og bjóða upp á virkt skátastarf í Borgarfirði. Úr varð að hópurinn fundaði með erindreka nokkrum sinnum haustið 2024 en vegna óviðráðanlegra aðstæðna varð ekki úr að endurvekja félagið að þessu sinni.



Niðurstöðum ánægjukönnunar fylgt eftir

Í samræmi við stefnu BÍS til loka árs 2025 var send út ánægjukönnnun til sjálfboðaliða skátafélaganna í desember 2024. Að þessu sinni var send út sameiginleg könnun á skátaforingja og stjórnarmeðlimi og fengust svör frá 91 einstaklingum. Starfsfólk Skátamiðstöðvarinnar fór yfir niðurstöðurnar sem verða nýttar til að geta betur stutt við sjálfboðaliða hreyfingarinnar í þeirra störfum.

Fjölskylduskátabæklingur

Fjölskylduskátabæklingur hefur verið í vinnslu í dágóðan tíma og var fyrsta uppkast af efninu kynnt á hringborði fjölskylduskátaforingja árið 2022. Bæklingurinn var loksins tilbúinn til prentunar og var gefinn út í ár. Í bæklingnum má finna meðal annars upplýsingar um markmið og ávinning fjölskylduskátastarfs ásamt tillögum að fjórum skátafundum sem skátafélög geta nýtt sér. Fjölskylduskátabæklingurinn er fyrsti aldursbila upplýsinga-bæklingurinn sem við gefum út en samkvæmt stefnu BÍS 2020-2025 verða samskonar bæklingar gefnir út fyrir öll aldursbil.

Nýjungar á heimasíðu

Árið 2024 fékk heimasíða bandalagsins mikla og þarfa upplyftingu, bæði útlitslega og efnislega. Ráðist var í þessa vinnu til að styðja betur við sjálfboðaliða skátafélaga og verða við beiðnum úr ánægjukönnun. Aðgengi hefur verið aukið fyrir öll sem heimsækja og nota síðuna. Nokkrar síður hafa verið þýddar á ensku og mun sú vinna halda áfram árið 2025. Ýmis sniðmát hafa verið útfærð á einfaldan hátt og birt á síðunni. Mikið af nýju efni hefur verið birt ásamt eldra efni sem hefur fengið uppfærslu og yfirhalningu. Þar má nefna dagskrárefni sem komið hefur verið fyrir í nýjum dagskrárbanka en þar má finna uppskriftir, leiki, bingó og margt fleira. Nú er einnig hægt að senda inn dagskrárefni beint í gegnum síðuna en dagskrárbankann má finna í Verkfærakistunni á heimasíðunni. Nánari upplýsingar um starfsgrunn, markmiðaflokkana og hvatakerfin var einnig birt með skemmtilegum hætti í upphafi árs 2024.

Einnig var mikil vinna lögð í að búa til og innleiða viðburðahandbók. Í henni er farið yfir alla helstu liði sem koma að viðburðaskipulagningu. Viðburðahandbókin er að mestu leiti hugsuð fyrir viðburði BÍS en getur vel nýst fyrir aðra viðburði. Í handbókinni má m.a. finna upplýsingar um fjárhagsáætlanir, tímalínur og upplýsingajöf. Handbókinni er ætlað að straumlínulaga skipulag, undirbúning og utanumhald um alla viðburði, stóra sem smáa. Síðast en ekki síst má nefna flipann: „Öryggi í skátastarfi“ en þar má finna upplýsingar um Æskulýðsvettvanginn og siðareglur, Samskiptaráðgjafa og samræmda viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsstarfs sem og sakaskrárheimildareyðublað til útprentunar. Undir flipanum má einnig tilkynna áreiti og einelti beint til Samskiptaráðgjafa.

FÉLAGAÞRENNAN

Félagaþrennan felur í sér skipulag við stjórnun skátafélaga þar sem þrír aðilar deila með sér ábyrgð á verkefnum sem áður voru að mestu leyti á höndum félagsforingja og aðstoðarfélagsforingja. Hlutverkin þrjú eru félagsforingi, sjálfboðaliðaforingi og dagskrárforingi. Þessir þrír aðilar sérhæfa sig á sínu sviði innan félagsins. Þeir stýra starfi félagsins ásamt stjórn og einbeita sér að því að styðja við skátastarfið og auka gæði þess ásamt því að vera með gott utanumhald um sjálboðaliðana sína.
Er það stefna BÍS að

félagaþrennan sé starfrækt í hverju skátafélagi og hefur verklagi verið breytt í samræmi við það. Til að mynda er allur tölvupóstur og tilkynningar sendar beint á viðkomandi þrennuforingja ásamt félagsforingja, svo allt sem viðkemur dagskrármálum verður líka sent á dagskrárforingja (eða ígildi hans) og allt sem viðkemur fræðslu og sjálfboðaliðum verður einnig sent á sjálfboðaliðaforingja (eða ígildi hans).



HELSTU VIÐBURÐIR SEM BÍS KOM AÐ

Viðburðir samkvæmt viðburðadagatali bís 2024

Janúar
12.- 14. Neisti

Febrúar
2-4. Gilwell 1. hluti
2-4. Ungmennaþing, Akranes
9-11. Útilífsnámskeið 2024, Eyjafjörður
9-17. Vetraráskorun Crean
16-18. Næturleikurinn, Skátafélagið Vífll
22. Þankadagurinn

Mars
2. Drekaskátadagurinn 2024, Skf. Strókur
14. Námskeið um inngildingu og fjölmenningu - Námskeiðsáætlun ÆV
20. Verndum þau - Námskeiðsáætlun ÆV

Apríl
2. Aðalfundur Úlfljótsvatns
3. Lagabreytingatillögu kvöld f. Skátaþing á netinu
3-7. Agora, Svíþjóð
5-7. Skátaþing 2024, Sólheimar og Úlfljótsvatn
20-21. Vinnuhelgi 2 á Úlfjótsvatni
25. Hátíðarhöld skátafélaganna á Sumardeginum fyrsta

Maí
4-5. Vinnuhelgi 3 á Úlfljótsvatni
9-12. Norðurlandaþing, Færeyjar
11-12. Vinnuhelgi 4 á Úlfljótsvatni
17-20. Vormót Hraunbúa 2024
21. Aðalfundur Skógarskáta
25. Skyndihjálparnámskeið
26. Lokahóf Alheimsfara
27. Forsetamerkisráðgjöf

Júní
31. -2. Drekaskátamót 2024, Úlfljótsvatni
3. Námskeið fyrir skólastjóra Útilífsskóla
3. Námskeið fyrir vinnuskólaliða
4. Námskeið fyrir starfsfólk Útilífsskóla
4. Námskeið fyrir vinnuskólaliða
5. Námskeið fyrir starfsfólk Útilífsskóla
5. Námskeið fyrir vinnuskólaliða
5-9. Gilwell 2. hluti
6. Öryggisnámskeið í klifri
7-9. Ds. Fimmvörðuháls 2024
8. Gilwell kvöldvaka
11. Rúllukúlu skátastríð Ungmennaráðs

Júlí
12-19. Landsmót skáta 2024, Úlfljótsvatn
20.-4. Roverway 2024, Noregi
28.-3. Euro Mini Jam 2024, Gíbraltar

Ágúst
20. Kveikja f. stjórnarmeðlimi
21. Kveikja f. foringja
29.-1. Upphaf á Vetraráskorun Crean 2025

September
6-8. Foringjanámskeið 2024
18. Verndum þau, Námskeiðsáætlun ÆV - aflýst
20-22. Ungt fólk og lýðræði, UMFÍ
29. Forsetamerkisráðgjöf
29. Hringborð skátaforingja

Október
11-13. Ung i Norden, Finnland
12. Merkjamót Ungmennaráðs
14. Hringborð stjórnarmeðlima
18. JOTA/JOTI 2024
19. Búnaðarbasar
21. Skyndihjálparnámskeið

Nóvember
2. Afmæli skátastarfs á Íslandi
2. Fálkaskátadagurinn 2024, Skátafélagið Landnemar
8-10. Gilwell 3.hluti
15-17. Dróttkraftur Landvættir, Blönduósi
19. Kynningarkvöld um norska landsmótið
25. Samskipti og siðareglur, Námskeiðsáætlun ÆV - aflýst
29. Fundur fólksins, lýðræðishátíð unga fólksins

Desember
5. Alþjóðlegur dagur sjálfboðaliða
14. Jólaljósaslóði á Úlfljótsvatni
26. Gamlárspartý dróttskáta, Úlfljótsvatn - aflýst

Viðburðir í starfsáætlun BÍS 2024 sem ekki varð af
• Félagsforingja og samtalsfundur að hausti
• Dróttskátahelgin að hausti
• Rekkanetið - vor, sumar, haust
• Róvernetið - október
• Forsetamerkisafhending
• Hæfnisnámkskeið, 2 á önn
• Rekkakraftur – 19.-21. apríl



DAGSKRÁRVIÐBURÐIR

Ungmennaþing á Akranesi

Ungmennaþing var haldið í byrjun febrúar á Akranesi. Kosið var í fimm sæti í ungmennaráð BÍS ásamt áheyrnarfulltrúa ungmenna í stjórn BÍS. Kosið var í nýtt ungmennaþing og nýjan áheyrnarfulltrúa stjórnar.
Þátttakendur: Skátar 31 | **Sjálfboðaliðar** 6

Drekaskátadagurinn

Skátafélagið Strókur var með umsjón yfir deginum 2024 og bauð drekaskátum Íslands heim í Hveragerði. Fálkaskátar og dróttskátar Stróks aðstoðuðu við dagskrána og buðu þau upp á leikjastöðvar í Lystigarðinum og ratleik um Hveragerði. Drekarnir fengu pylsur í hádegismat og í lok dags var boðið upp á kakó, kex og ís. **Þátttakendur: Skátar** 114 | **Foringjar** 32

Vetraráskorun Crean

Auglýst var eftir vinnuhóp sem var reiðubúinn til að endurvekja samstarfið á milli írsku skátanna og BÍS. Vinnuhópurinn tók að sér samskipti við írska hópinn, auglýsti eftir þátttakendum, skipulagði æfingahelgar, undirbjó þátttakendur og var til staðar á Úlfljótsvatni ásamt því að taka þátt í göngunni og skila endurmati og skýrslu. Farið var í fjórar undirbúningsútilegur/göngur fyrir áskorunina en loka áskorunin fór fram 9.-17. febrúar 2024 þegar gengið var frá Úlfljótsvatni í skátaskála á Hellisheiði, alls 18 km í snjó.
Þátttakendur: Íslenskir skátar 6 | **Írskir skátar** 31 | **Sjálfboðaliðar** 5

Skátaþing

Skátaþing var haldið á suðurlandi 5.-7. apríl. Setningardagur og laugardagur fóru fram á Sólheimum í Grímsnesi en á sunnudeginum fór dagskráin fram á Úlfljótsvatni. Skemmtidagskrá var eftir þingstörf á föstudegi en í framhaldi var haldinn félagsforingjafundur. Eftir hefðbundin þingstörf laugardagsins fengu fulltrúar félaganna tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum vinnustofum í fallegum rýmum Sólheima. Á hátíðarkvöldverði tróð kór Sólheima upp við miklar undirtektir þingsins en á sunnudeginum fengu félögin tækifæri til að kynna vel lukkuð verkefni tengd ferðum þeirra á landsmót.
Þátttakendur: Fulltrúar skátafélaga 118 | **Starfsfólk og sjálfboðaliðar BÍS** 24

Drekaskátamót

Drekaskátamót fór fram helgina 31. maí - 2. júní á Úlfljótsvatni. Þemað á mótinu var sirkúsþema og fengu þau að spreyta sig í klifri, bogfimi, bátum, hoppuköstulum, taka þátt í karnivali og að taka þátt í samfélagsverkefni fyrir Úlfljótsvatn. Í ár hjálpuðu þau til við að snyrta skóginn fyrir aftan KSÚ og að mála regnboga á vegginn á Norðursal.
Þátttakendur: Skátar 180 | **Foringjar** 43 | **Mótsstjórn** 9 | **Sjálfboðaliðar** 27

Fálkaskátadagurinn

Skátafélagið Landnemar var með umsjón yfir deginum og bauð fálkaskátum Íslands heim í Hlíðarnar og í Öskjuhlíðina. Dagskráin var útbúin að foringjum félagsins og dróttskátum en þau buðu fálkaskátum í risaþrautir, blindrabraut í skógi, leysa skátadulmál, útbúa sjúkrabörur, gá til veðurs og að keppa í eldkeppni. Svo var boðið upp á söng við varðeld, kakó og kex og draugahús sem dróttskátarnir höfðu sett upp.
Þátttakendur: Skátar 84 | **Foringjar** 8

DAGSKRÁRVIÐBURÐIR

LANDSMÓT SKÁTA

Eftir 8 ára bið var loksins komið að því að halda Landsmót skáta. Samheldnin, gleðin og skátaandinn voru í fyrirrúmi þrátt fyrir áskoranir frá veðurguðunum en líkt og frægt er orðið var geysi mikil rigning á mótinu. Þemað var: „Ólíkir heimar“ sem vísaði til þess að á Landsmóti voru ekki bara íslenskir skátar heldur komu skátarnir frá mörgum löndum og með fjölbreyttan menningarbakgrunn.
Landsmót var sett formlega þann 12. júlí með skemmtilegri og líflegri setningarathöfn þrátt fyrir mikla rigningu. Gleðin var þó allsráðandi og mátti sjá káta skáta skella sér í fjölbreytta dagskrá um allt svæðið. Dagskráin var ekki af verri endanum og margt spennandi í boði fyrir öll. Dagskrátorgin voru fjögur; Göngutorg þar sem skátarnir skipulögðu gönguferðir og héldu af stað í ævintýri þar sem þau gengu um ólíka heima. Sköpunartorg þar sem ímyndunaraflið fékk að leika lausum hala og þar urðu til kerti, barmnælur, vinaarmbönd, flugdrekar og fleira skemmtilegt. Þrauta- og metatorg þar sem þátttakendur léku sér í hinum ýmsu stórleikjum og spreyttu sig á risa þrautabraut. Samfélagsverkefnatorg þar sem þau unnu að því að gera staðinn betri en þegar þau komu að honum og gerðu þau það meðal annars með því að leggja stíga, mála undirgöng og búa til fallegar skreytingar fyrir umhverfið. Auk þess voru allskonar skemmtilegir dagskrárpóstar yfir vikuna sem þau gátu tekið þátt í. Hægt var að fara í heimsókn á Skátasafnið þar sem þau fóru í póstaleik og lærðu meðal annars um mors-kóða og hvernig á að elda á prímus, það var risa stórleikur sem öll tóku þátt í til að bjarga öllum ólíku heimunum, Ísbjörninn var fyrir þau allra hugrökkustu sem skelltu sér í morgunsund í Úlfljótsvatni og svo var Flokkur mótsins keppnin á sínum stað. Ekki má gleyma allri tjaldbúðarvinnunni en hver trönubyggingin á fætur annarri reis til himins - sumar í skjóli nætur, gestum til mikillar gleði. Fjölskyldubúðir voru einnig með mikla og fjölbreytta dagskrá sem sló í gegn hjá yngri kynslóðinni en þar var hægt að fá lánaða búninga, smíða báta og kíkja á kvöldvöku svo fátt eitt sé nefnt. Óhætt er að segja að mótið hafi slegið í gegn og íslenska veðrið sýnt sig í öllum myndum: rigning, sól, þrumur og eldingar og rok.
Á mótinu var einnig gefið út mótsblað á hverjum degi með skemmtilegum þrautum og viðtölum við skáta á öllum aldri, útvarpið sló í gegn og var hlustað á það víðsvegar um heiminn.
Mótinu lauk svo þann 19. júlí með stórglæsilegri hátíðarkvöldvöku þar sem Inspector Spacetime og Stuðlabandið stigu á stokk og skemmtu skátunum langt fram á kvöld.



FRÆÐSLUVIÐBURÐIR

Námskeiðahald á vegum Skátaskólans hefur síðastliðin ár náð fótfestu í starfsáætlunum skáta um allt land. Árið 2024 var því einkar viðburðarríkt og voru í heildina haldin 13 leiðtogaþjálfunarnámskeið með 376 þátttakendum.

Viðburðir sem voru haldnir

Neisti

Neisti er námskeið fyrir skáta 16 ára og eldri til að efla fjölbreytta færni í skátastarfi. Dagskráin miðar að því að dýpka þekkingu og færni á ýmsum sviðum skátastarfs og efla sjálfboðaliða í sínum hlutverkum. Leiðbeinendur koma víðsvegar að úr íslensku samfélagi sem og erlendis frá. Þátttakendur fá að velja eigin dagskrá eftir eigin áhugasviði eða þörfum en þannig er Neisti frábært tækifæri til persónulegra framfara fyrir alla skáta óháð aldri, hlutverki og fyrri reynslu.
Þátttakendur: 70

Skyndihjálparnámskeið - 12 tímar

Aðkeypt námskeið með reyndum kennara hjá Rauða krossinum. Að námskeiðinu loknu fá þátttakendur skyndihjálparskírteini sem þarf að endurnýja á 2 ára fresti.
Þátttakendur: 20.-21. maí voru 15 | **23.-26. október** voru 15

Námskeið fyrir starfsfólk Útilífsskóla skáta

Námskeið fyrir allt starfsfólk í Útilífsskóla skáta, stjórnendur, starfsfólk og vinnuskólaliða. Námskeiðunum er skipt upp eftir hlutverkum starfsfólks.
Á námskeiðunum fyrir stjórnendur er farið yfir starfshætti, starfsreglur, góða siði og venjur, algenga dagskrá, öryggisreglur, hvernig skuli ferðast með hóp barna, hvernig skuli stýra ungmennum í vinnu, upplýsingamiðlun til foreldra, viðbrögð við óæskilegum uppákomum, eðlileg samskipti við börn og starfsfólk og fleira. Að auki stendur félögum til boða að senda starfsfólk á öryggisnámskeið í klifri ef þörf er á.
Námskeið fyrir vinnuskólaliða eru 3 kvöld þar sem þau læra skyndihjálp, fara á Verndum þau námskeið og fræðast um vinnureglur Útilífsskólans og þeirra hlutverk í starfi. Einnig fá þau fræðslu um hvaða rétt þau hafa í starfi hvað varðar hlé, öryggi og vinnutíma og hvað teljist óeðlileg samskipti við börn og yfirmenn.
Þátttakendur:
Vinnuskólaliðanámskeið 59
Námskeið fyrir starfsfólk 38
Stjórnendanámskeið 9
Verndum þau 59
Öryggisnámskeið í klifri 6

Foringjanámskeið

Námskeið ætlað starfandi foringjum, bæði aðstoðar- og sveitarforingjum, 16 ára og eldri.
Á námskeiðinu er farið yfir skyldur þeirra og ábyrgð, skátaaðferðina, starfsgrunn skátanna, hvert er hægt að leita fyrir stuðningsefni, öryggi í ferðum, frávik í hegðun, leiki og leikjafræði og lýðræði í skátastarfi. Æskilegt er að öll sem sinna foringjahlutverki sæki námskeiðið fyrsta veturinn þeirra.
Þátttakendur: 18

Kveikja

Námskeið fyrir starfandi sjálfboðaliða skátafélaga þar sem tilgangurinn er að vera þeim hvatning í upphafi starfsárs.
Á námskeiðinu er boðið upp á hnitmiðaða fræðslu um stuðningsefni og viðburði sem standa félögunum til boða frá BÍS ásamt umræðuhópum um ólík málefni. Kveikju er skipt upp í 2 hópa eftir hlutverkum sjálfboðaliða, eitt kvöld fyrir skátaforingja og annað fyrir stjórnarmeðlimi.
Þátttakendur: Stjórnarmeðlimir 31 | **Skátaforingjar** 25

DróttKraftur

DróttKraftur er hluti af leiðtogaþjálfun Skátaskólans og er fyrir alla dróttskáta á landinu. Á DróttKrafti er áhersla lögð á að veita dróttskátum tækifæri á því að taka þátt í spennandi dagskrá, kynnast öðrum dróttskátum á landinu og efla leiðtogafærni þeirra.
Þátttakendur: 51

Gilwell

Gilwell er tilvalið fyrir skáta, 20 ára og eldri, að upplifa 10 daga skátaævintýri sem inniheldur leiðtogaþjálfun og uppbyggingu einstaklingsins.
Á Gilwell fá þátttakendur að efla og öðlast nýja færni í ólíkum hlutverkum innan skátahreyfingarinnar sem mun einnig koma að góðum notum í þeirra daglega lífi.
Á fyrsta þrepi er athyglinni beint að skátanum sjálfum og unnið með sjálfseflingu, framkomu og gildum einstaklings í og utan skátastarfs

Á öðru þrepi er flokkastarf í forgrunni. Á þessu skrefi munu flokkarnir reisa tjaldbúð sem þeir búa og starfa í með sínum flokki og glíma við ögrandi verkefni sem miða að því að efla hópinn og auka færni í útivist og tjaldbúðalífi.
Á þriðja þrepi vinnum við með leiðtogafræðin og hæfni hvers og eins.
Þátttakendur: 14

FálkaKraftur

FálkaKraftur er hluti af leiðtogaþjálfun Skátaskólans og er fyrir fálkaskáta. Á FálkaKrafti er áhersla lögð á flokkakerfið og að gefa fálkaskátum innsýn í það hvernig lýðræði virkar.
FálkaKraftur er haldinn eftir óskum á vettvangi skátafélaganna og var haldinn 2 sinnum árið 2024.
Námskeið: Kópar 27. apríl | Klakkur 23. nóvember



SKÁTASTARF

AÐILD AÐ BÍS

Aðild að Bandalagi íslenskra skáta getur verið með eftirfarandi hætti:
Aðild A: Skátafélög með starf fyrir félaga á aldrinum 7-25 ára.
Aðild B: Skátafélög sem stunda skátastarf og stuðla að því, með félaga sem flestir eru eldri en 23 ára.
Aðild C: Hópar skáta sem vilja halda tengslum við BÍS
Aðild D: Skátar með beina aðild að BÍS

Eftirtalin réttindi og skyldur fylgja ólíkri aðild að BÍS:

Félagsaðild	A	B	C	D
Þjónusta BÍS	Forgangur	Já	Ef unnt er	Ef unnt er
Þátttökuréttur á viðburðum	Forgangur	Já	Ef unnt er	Ef unnt er
Atkvæði á Skátaþingi	4	1	0	0
Félagsgjald til BÍS	Já	Já	Nei	Já

BÍS starfar í tengslum við félög og stofnanir sem starfa að málefnum er lúta að velferð barna og ungmenna og öðrum þeim málum sem samræmast grunngildum BÍS og markmiðum skátahreyfingarinnar.

Eftirtalin félög voru með aðild A að BÍS á árinu

- Skátafélag Akraness, Akranesi
- Skátafélagið Árbúar, Árbæjarhverfi í Reykjavík
- *Skátafélag Borgarness, Borgarnesi**
- Skátafélagið Eilífsbúar, Sauðárkróki
- *Skátafélagið Einherjar-Valkyrjan, Ísafirði**
- Skátafélagið Farfuglar, Breiðdalsvík og Stöðvarfirði
- *Skátafélagið Faxi, Vestmannaeyjum**
- Skátafélagið Fossbúar, Selfossi
- Skátafélagið Garðbúar, Fossvogs- og Bústaðahverfi í Reykjavík
- *Skátafélagið Hafernir, Fella- og Hólahverfi í Reykjavík**
- Skátafélagið Heiðabúar, Reykjanesbæ
- Skátafélagið Hraunbúar, Hafnarfirði
- Skátafélagið Klakkur, Akureyri
- Skátafélagið Kópar, Kópavogi
- Skátafélagið Landnemar, Austurbæ og Hlíðahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Mosverjar, Mosfellsbæ
- Skátafélagið Segull, Seljahverfi, Bakka- og Stekkjahverfunum í Reykjavík
- Skátafélagið Skjöldungar, Heima- og Vogahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Stígandi, Dalabyggð
- Skátafélagið Strókur, Hveragerði
- Skátafélagið Svanir, Álftanesi
- Skátafélagið Vífill, Garðabæ
- Skátafélagið Vogabúar, Grafarvogshverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Ægisbúar, Vesturbæ í Reykjavík
- Skátafélagið Örninn, Grundarfirði

**Voru ekki með virkt skátastarf á árinu.*

Eftirtalin skátafélög voru með aðild B að BÍS á árinu

- Skátafélag Sólheima, Sólheimum, Grímsnesi
- Skátafélagið Radíóskátar, Garðabæ

Eftirtalin félög voru með aðild C að BÍS á árinu

- Landsgildi St. Georgsgildanna
- Skátakórinn
- Skíðasamband skáta

Skátasambönd

Samkvæmt lögum BÍS er skátafélögum heimilt að stofna með sér skátasambönd. Þau eru samstarfsvettvangur skátafélaga á tilteknum svæðum og setja sér eigin starfsreglur.

Eftirfarandi skátasambönd eru starfandi:

- Skátasamband Reykjavíkur (SSR), formaður SSR er *Sigurbjörg Sæmundsdóttir*

FJÖLDI SKÁTA Í SKÁTASTARFI

	Fjölskyldu- og Hrefnuskátar	Drekaskátar	Fálkaskátar	Dróttskátar	Rekkaskátar	Róverskátar	Heildarfjöldi undir 26	26 ára og eldri	Heildarfjöldi skáta
Heildarfjöldi skráninga 2022-23	58	362	473	291	144	116	1444	271	**1715**
Heildarfjöldi skráninga 2023-24	19	403	504	321	141	205	1593	231	**1824**
Heildarfjöldi skráninga 2024-25	68	405	513	291	122	201	1600	258	**1858**
Fjölgun frá 2022	**10**	**43**	**40**	**0**	**-22**	**85**	**156**	**-13**	**143**




AFREKS- OG HEIÐURSMERKI

Samkvæmt reglugerð eru eftirtalin ***heiðursmerki*** í notkun hjá BÍS: *Silfurúlfurinn, Skátakveðjan* úr gulli, silfri og bronsi, *Þórshamarinn* úr gulli, silfri og bronsi og auk þess *merki BÍS* úr gulli, silfri og bronsi. Eftirtalin ***hetjudáðamerki*** eru í notkun hjá BÍS: *Gullkrossinn, Silfurkrossinn* og *Bronskrossinn*. Eftirtalin ***þjónustumerki*** eru í notkun hjá BÍS: *Gyllta liljan og smárinn og Silfraða liljan og smárinn*. Eru merki þessi veitt skátum sem hafa unnið ötult starf fyrir skátahreyfinguna í einhverri mynd. Heiðursmerkin eru ýmist veitt á aðalfundum, kvöldvökum, hátíðsdögum og á Skátaþingi.

Heiðursmerki BÍS afhent frá síðasta Skátaþingi til áramóta:

Þórshamarinn úr bronsi
Aníta Ósk Sæmundsdóttir
Aron Gauti Sigurðarson
Björgvin Smári Jónsson
Brynhildur S Hafsteinsdóttir
Davíð Þrastarson
Egle Sipavicuite
Elías Þórgnýsson Dýrfjörð
Elísabet Mjöll Jensdóttir
Erna Mjöll Grétarsdóttir
Guðrún Blöndal
Harpa Hrönn Grétarsdóttir
Hulda María Valgeirsdóttir
Javier Paniagua Petisco
Kolbrún Ósk Pétursdóttir
Pálína Björg Snorradóttir
Ragnheiður Silja Kristjánsdóttir
Rakel Sif Magnúsdóttir



Reynir Tómas Reynisson
Sandra Óskarsdóttir
Sebastian Fjeldal Berg
Selma Björk Hauksdóttir
Sigurgeir Bjartur Þórisson
Sunna Líf Þórarinsdóttir
Sædís Ósk Helgadóttir
Tumi Snær Sigurðsson
Valdís Hrund Hauksdóttir
Valdís Ösp Jónsdóttir
Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir
Þórdís Hrönn Halldórsdóttir

Þórshamarinn úr silfri
Daði Már Gunnarsson
Eva Íris Eyjólfsdóttir
Eva María Sigurbjörnsdóttir
Guðjón Rúnar Sveinsson
Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir
Huldar Hlynsson
Ingimar Eydal
Jóhann Gunnar Malmquist
Signý Kristín Sigurjónsdóttir

Þjónustumerki BÍS úr silfri
Davíð Þrastarson
Egill Erlingsson
Elena Breiðfjörð
Elín Sigríður Ármansdóttir
Fanný Björk Ástráðsdóttir
Helga Rós Einarsdóttir
Hinrik Pétur Jóhannsson
Jón Andri Helgason
Jónína Sigurjónsdóttir
Kristín Helga Sigurðardóttir
Kristín Hrönn Þráinsdóttir
Margrét Guðjónsdóttir
Reynir Tómas Reynisson
Sigurgeir Þórisson
Steinar Logi Sigurðarson
Tumi Snær Sigurðsson
Vilborg Norðdahl
Þór Ólafur Hammer Ólafsson

Þjónustumerki BÍS úr gulli
Arney Sif Ólafsdóttir
Arnþór Ómar Gíslason
Benedikt Þorgilsson
Björn Jóhann Gunnarsson
Brynhildur Þorbj. Þórhallsdóttir
Brynjar Ingi Ágústsson
Brynjar Óli Barkarson
Daníel Eiríksson
Freyja Guðmundsdóttir
Ísold Vala Þorsteinsdóttir
Júlía Jakobsdóttir
Katrín Kemp Stefánsdóttir
Kári Kjartansson
Kolbrún Ósk Pétursdóttir
Kristbjörg Harpa Thomsen
Sigrún María Bjarnadóttir
Sóley Anne Jónsdóttir
Sunna Dís Helgadóttir
Svanhildur Ósk Sigurðardóttir
Sædís Ósk Helgadóttir
Þóranna Ýr Guðgeirsdóttir

Gilwell leiðtogaþjálfun

Aldís Líf Vigfúsdóttir
Arney Sif Ólafsdóttir
Bengta Kristín Methúsalemsdóttir
Davíð Þrastarson
Erla Sóley Skúladóttir
Freyja Björgvinsdóttir
Ingvar Kristján Bæringsson
Júlía Jakobsdóttir
Katrín Lilja Ólafsdóttir
Pálína Björg Snorradóttir
Reynir Tómas Reynisson
Sædís Erla Erlendsdóttir Fjeldsted
Sebastian Fjeldal Berg
Valur Kári Óskarsson

Forsetamerki rekkaskáta

Afhendingu forsetamerkisins var frestað vegna viðgerða á kirkjunni á Bessastöðum. Unnið var hörðum höndum að því að finna nýjan tíma og hentuga staðsetningu og verður afhendingin fyrri hluta árs 2025.





SJÁLFBOÐALIÐAR

FASTARÁÐ OG VERKEFNI ÞEIRRA

Alþjóðaráð

Alþjóðaráð sinnir samskiptum BÍS við erlend skátabandalög, samtök og erlenda skáta sem óska eftir upplýsingum um íslenskt skátastarf sem og aðstoðar við innleiðingu verkefnapakka á vegum WAGGGS og WOSM. Þá veitir ráðið íslenskum skátum upplýsingar um erlent skátastarf svo sem skátamót, námskeið og önnur tækifæri sem geta nýst í starfi. Á árinu bar hæst í alþjóðastarfi frábær fararhópur á Roverway í Noregi, góður árangur í Norðurlandasamstarfi NSK og Heimsþingi WOSM í Egyptalandi.

Starfsnefndir á vegum Evrópustjórna WAGGGS og WOSM

BÍS hefur í gegnum tíðina átt fulltrúa í starfsnefndum á vegum Evrópustjórnar WAGGGS og WOSM. BÍS er kunnugt um að hjá WOSM hafi *Hulda Sólrún Guðmundsdóttir* starfað í Safe from Harm Implementation Team, Health and Wellbeing Initiative (gerð Health Allies dagskrárefnis), verið WOSM Consultant, meðlimur í Youth Empowerment Team hjá WOSM Evrópu og þar að auki tók hún sæti í Moot 2025 Planning Team sem Safe From Harm Coordination Co lead. *Berglind Lilja Björnsdóttir* starfaði í Continuous Improvement Team hjá WOSM Evrópu.

Samstarfsnefnd norrænu skátabandalaganna

Samstarfsnefnd Norrænu Skátabandalaganna (NSK) skipa fulltrúar Danmerkur, Finnlands, Færeyja, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Nefndin heldur fund a.m.k. einu sinni á ári. Í ár var Noregur gestgjafi og hittust fulltrúar í Bergen til þess að stilla saman strengi og ræða málefni sem snerta Norðurlöndin. Skátahöfðingjar Norðurlandanna nýttu tækifærið og hittust einnig á sama tíma. Fulltrúar BÍS í samstarfsnefndinni voru *Berglind Lilja Björnsdóttir og Egle Sipaviciute.*

Norðurlandaþing

Norðurlandaþing skáta var haldið í Færeyjum í maí. Við áttum 19 Íslenska fulltrúa á þinginu sem tóku virkan þátt í ákvarðanatöku, sátu smiðjur og styrktu tengsl við skátasystkin frá norðurlöndunum. Íslensku þátttakendurnir sáu einnig um þrjár smiðjur: “Changing cans“, “Sustainable events - what can we learn from each other?” og “History of safeguarding” Á þinginu voru samstarfsverkefni næstu þriggja ára samþykkt og mun Ísland sjá um Ung i Norden 2025, og árlega NSK fundinn árið 2027.



Heimsþing WOSM

Heimsþing WOSM var haldið í Egyptalandi 17. til 23. ágúst 2024. BÍS sendi tvo fulltrúa á þingið, Berglindi Lilju Björnsdóttur og Daða Má Gunnarsson, auk þess var Bragi Björnsson formaður Resolutions Committee á þinginu. Á þinginu var ný stefna WOSM (Strategy for scouting) samþykkt sem gildir fram að 2033. Auk þess var gefin út ný stefna fyrir WOSM viðburði (WOSM Events strategy), sem inniheldur meðal annars nýja ferla er varðar utanumhald og öryggismál heimsmóta á borð við World Scout Jamboree. Ný heimsstjórn WOSM var kosin. Einnig ákvað þingið að næsta heimsþing verði haldið í Bretlandi, næsta World Scout Moot verði haldið í Taiwan og að World Scout Jamboree 2031 verði haldið í Danmörku.

Erlendir fundir, námskeið og ráðstefnur sem fulltrúar BÍS sóttu á árinu 2024

Agora, apríl 2024, Svíþjóð. *Helgi Þórir Sigurðsson og Högni Gylfason.*

IC Network Meeting WOSM, maí 2024, Tékkland. *Berglind Lilja Björnsdóttir.*

Norðurlandaþing, maí 2024, Færeyjum. *Aron Gauti Sigurðarson, Berglind Lilja Björnsdóttir, Björk Norðdal, Daði Már Gunnarsson, Davíð Þrastarson, Egle Sipaviciute, Guðrún Stefánsdóttir, Halldóra Aðalheiður Ólafsdóttir, Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Hildur Bragadóttir, Katrín Kemp Stefánsdóttir, Kolbrún Ósk Pétursdóttir, Óskar Þór Þráinsson, Ragnar Þór Þrastarson, Rita Osório, Sunna Líf Þórarinsdóttir, Sædís Ósk Helgadóttir, Unnur Líf Kvaran og Þórhallur Helgason.*

Heimsþing WOSM, ágúst 2024, Egyptaland. *Berglind Lilja Björnsdóttir og Daði Már Gunnarsson.*

NSK fundur, september 2024, Noregur. *Berglind Lilja Björnsdóttir, Egle Sipaviciute, Harpa Ósk Valgeirsdóttir og Þórhallur Helgason.*

Ung i Norden, október 2024, Finnland. *Ísold Vala Þorsteinsdóttir.*

European Sustainability Forum, október 2024, Grikklandi. *Sædís Ósk Helgadóttir*

The Academy, nóvember 2024, Pólland. *Brynjar Óli Barkarson og Hildur Bragadóttir.*

Function based network meetings, október til nóvember 2024 á netinu. *Berglind Lilja Björnsdóttir, Daði Már Gunnarsson, Katrín Kemp Stefánsdóttir, Sigurður Viktor Úlfarsson og Sædís Ósk Helgadóttir.*

Árlega berast BÍS boð frá fjölmörgum löndum um þátttöku í skátamótum. Íslenskir skátar sem hafa áhuga á að sækja skátamót erlendis geta fengið aðstoð og ráðgjöf sé þess óskað.

Roverway í Noregi

Roverway, alþjóðamót rekka- og róverskáta, var haldið í Noregi dagana 22. júlí – 2. ágúst 2024. Í íslenska fararhópnum voru 89 skátar. Mótið skiptist í tvo hluta og hófst á krefjandi ferðum þar sem þátttakendur völdu ferðir eftir áhugasviði, klettaklifur, kanóferðir og fjallgöngur. Öllum þátttakendum var síðan skipt í alþjóðlega flokka eftir áhugasviði. Á seinni hluta mótsins sameinuðust flokkarnir á mótssvæðinu sjálfu þar sem við tók val- og skemmtidagskrá. Mikið var um kvöldvökur, skátaböll og skemmtanir þar sem ólíkir menningarheimar tengdust og mynduðu skátarnir sterk vinasambönd. Íslenski fararhópurinn lengdi ferð sína og gisti í Stavanger eftir mótið þar sem meðal annars var farið í skemmtigarð.

Euro Mini Jam í Gíbraltar

European Mini Jamboree 2024 var haldið í Gíbraltar og fór íslenskur dróttskátahópur á mótið með aðstoð Garðbúa. Í hópnum voru 1 Árbúi, 1 Fossbúi, 4 Garðbúar og 2 Mosverjar ásamt Egle Sipaviciute og Eriku Eik Bjarkadóttur fararstjórum. Euro Mini Jam er mót fyrir smáþjóðir í Evrópu og voru 4 þjóðir til viðbótar við Ísland á mótinu. Íslenski hópurinn fór frá Málaga á Spáni yfir til Gíbraltar. Þátttakendum var skipt í alþjóðlega flokka og var dagskráin fjölbreytt og fræðandi en meðal þess sem var á dagskrá voru gönguferðir, hellaskoðanir, apar í heimsókn í kvöldmatartíma og lærdómur um alþjóðlega vináttu. Íslenski hópurinn lauk svo ferð sinni á Málaga þar sem meðal annars var farið í vatnsrennibrautargarð.

Alþjóðaráð á Landsmóti Skáta

Alþjóðaráð tók þátt á Landsmóti skáta 2024 og voru með alþjóðatjald og dagskrá yfir allt mótið. Hægt var að taka þátt í heimskindaleiknum sem ýtti undir það að skátar kynntust alþjóðaskátastarfi betur í gegnum þrautir og leiki, að auki var haldið alþjóðabingó á stóra sviðinu og spurningaleikur í alþjóðatjaldinu. Við bíðum spennt eftir næsta Landsmóti!

Erlendar skátamiðstöðvar

Fjölmargar skátamiðstöðvar eru starfandi í heiminum, bæði á vegum WAGGGS og WOSM en einnig á vegum erlendra skátabandalaga. Íslenskir skátar unnu ýmis störf í skátamiðstöðum á árinu. BÍS er kunnugt um að *Ægir Freyr Valsson, Hrafnkell Úlfur Ragnarsson og Fanney Lára Guðmundsdóttir* hafi verið sjálfboðaliðar í KISC, alþjóðlegu skátamiðstöðinni í Kandersteg í Sviss. Einnig var *Högni Gylfason* sjálfboðaliði í Vassarö Í Svíþjóð auk þess sem hann tók þátt í sænska róverskátaviðburðinum Roverforum.

Meðlimir Alþjóðaráðs eru *Andri Rafn Ævarsson, Daði Már Gunnarsson, Sunna Dís Helgadóttir og Sandra Óskarsdóttir ásamt Berglindi Lilju Björnsdóttur, alþjóðafulltrúa WOSM og Egle Sipaviciute, alþjóðafulltrúa WAGGGS.* ***Tengiliðir úr stjórn BÍS*** eru *Davíð Þrastarson og Harpa Ósk Valgeirsdóttir.*



Skátaskólinn

Skátaskólinn sér um skipulag fræðslu fyrir skátaforingja og aðra áhugasama skáta. Stjórn skátaskólans hefur á undanförnum árum unnið að endurskipulagi námskeiðahalds skátanna sem leggur áherslu á leiðtogaþjálfun og hagnýta foringjaþjálfun. Á öllum námskeiðum er unnið með fjölbreyttar kennsluaðferðir, leiki, virkni þátttakenda, útinám og ígrundun.

Árið 2024 var unnið að því að bæta vefsíðu Skátaskólans með því að koma upplýsingum um námskeiðin á vefsíðu skátanna. Þá var Skátaskólinn einnig með kynningu á skátastarfi á Landsmóti skáta í sumar sem vakti mikla ánægju og verður unnið að því að þróa áfram. Að auki hófst vinna við skipulag rafrænnar fræðslu í samstarfi við starfsráð í september.

Leiðbeinendasveitin hélt að venju foringjaþjálfunarnámskeið

í september fyrir starfandi sveitarforingja og aðstoðarsveitarforingja í Lækjarbotnum. Námskeiðið tókst með eindæmum vel og ljóst að það nýtist foringjum vel að byrja starfsárið á fræðslu um það hlutverk sem þau hafa tekið að sér. Námskeiðin eru haldin fyrstu helgina í september ár hvert.

Kraftsnámskeiðin eru leiðtogaþjálfun sem er haldin fyrir fálka-, drótt- og rekkaskáta og miða að því að efla persónulegar framfarir skátanna. Öll byggja þau á sama grunnstefinu, að efla sjálfstæði og þor þátttakenda, en viðfangsefnin eru ólík eftir viðeigandi stíganda í starfinu. DróttKraftur var haldinn í nóvember en ekki náðist að halda RekkaKraft vegna ónógrar þátttöku. FálkaKraftur var haldinn hjá Kópum og Klakki árið 2024 sem gekk mjög vel. Við hvetjum öll félög til að fá námskeiðið til sín og efla fálkaskátana sína en það er tilvalin leið til að gera góða inni- eða útilegu enn betri.

Gilwell leiðtogaþjálfunin hélt sínu striki. Nýtt skipulag var þróað áfram en Gilwell er nú kennt í 3 hlutum. Á námskeiðinu er áhersla lögð á sjálfstyrkingu, sjálfsskilning, gildi einstaklinga og leiðtogaþjálfun í skátastarfi ásamt því að byggja upp góða flokkastemmingu og vinna með táknræna umgjörð. 14 skátar fengu Gilwell einkennin sín afhent í nóvember.

Þrennuþjálfar urðu hluti af skátaskólanum á árinu en þær sjá um fræðslu og stuðning við stjórnir félaganna vegna Félagaþrennunnar. Þær héldu hringborð þrennuforingja í september þar sem rætt var um sjálfboðaliða og var það vel sótt.

Meðlimir Skátaskólans eru *Björk Norðdahl, Elín Esther Magnúsdóttir, Harpa Hrönn Grétarsdóttir, Kristín Hrönn Þráinsdóttir og Sebastian Berg Fjeldsted.* ***Tengiliður úr stjórn BÍS*** er *Guðrún Stefánsdóttir.*

Starfsráð

Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir, sveitarforingja og flokksforingja. Megináhersla ráðsins er að hafa frumkvæði að og fylgja eftir útgáfu og gerð efnis sem styður við skátastarf á Íslandi, með áherslu á dagskrármál, starfsgrunninn og hvatakerfi.

Forsetamerkið
Ráðið gegnir mikilvægu hlutverki í að fylgja eftir og styðja skáta sem eru að vinna að forsetamerkinu með því að halda forsetamerkisráðgjöf þar sem skátunum sem eru að byrja vegferðina er hjálpað að komast af stað og þau sem eru að klára vegferðina fá aðstoð við að leggja lokahönd á vegabréfið.
Ráðið las yfir og samþykkti vegabréf 17 rekkaskáta að forsetamerkinu, ásamt því að skrifa kveðju til þeirra skáta sem kláruðu vegferðina. Vegna framkvæmda á Bessastöðum mun afhending fara fram í byrjun árs 2025.

Landsmót skáta
Starfsráð lagði áherslu á að gera starfsgrunninn og hvatakerfið sýnilegt á Landsmóti. Ráðið hengdi upp fjölbreytt kynningarefni víða um mótssvæðið. Ráðið lagði könnun fyrir þátttakendur um hvaða færnimerki þau höfðu unnið sér inn í sínu skátastarfi til að kortleggja notkun á þeim færnimerkjum sem í boði eru. 61 skáti úr átta skátafélögum svaraði könnuninni. Ráðið hefur tekið þessar niðurstöður saman og nýtt þær í kynningum.

Hringborð skátaforingja
Hringborð skátaforingja eru viðburðir þar sem foringjar fá tækifæri til að ræða saman þvert á félög. Haustið 2024 var haldið sameiginlegt hringborð allra aldursbila þar sem fyrst var hópurinn allur saman og síðan skipt upp eftir aldursbilum. Valur Kári kynnti bækling sem hann útbjó sem Gilwell verkefni sitt, bæklingurinn var um flokkastarf í fálkaskátum.

Færnimerki
Ráðið vann að endurskoðun á efni tengdu færnimerkjum. Ný merki, breyting á kröfum og útgáfa á nýju stuðningsefni sem gefið verður út árið 2025. Könnun á notkun færnimerkja var lögð fyrir á Landsmóti skáta.
Starfsgrunnur og hvatakerfi Skátaþing, Kveikja og Neisti hafa verið viðburðir sem starfsráð hefur nýtt til að kynna starfsgrunninn og hvatakerfið ásamt því að fá endurgjöf frá foringjum.
Starfsráð leggur áherslu á að vera í samráði við önnur ráð, lönd og stjórn BÍS þannig að öll séu að vinna í takt. Starfsráð tók þátt í norrænum samráðsfundi um dagskrármál en einnig tekur starfsráð þátt í vinnuhópum á vegum BÍS.

Meðlimir starfsráðs eru *Fanný Björk Ástráðsdóttir, Jóhanna Björg Másdóttir, Sigurður Viktor Úlfarsson, Valur Kári Óskarsson og Védís Helgadóttir.* ***Tengiliður úr stjórn BÍS*** *er Unnur Líf Kvaran.*

Ungmennaráð
Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis skátahreyfingarinnar, stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfi.

Ungmennaþing og Skátaþing
Ungmennaþing var haldið á Akranesi 2.-4. febrúar. Upphaflega átti það að vera á Sauðárkróki en breyta þurfti staðsetningu vegna veðurs. Á þingið mættu 29 ungmenni. Fjallað var um lagabreytingatillögur og áskoranir sem ungmenni sendu á Skátaþing. Einnig var kjörið nýtt ungmennaráð.

Keilumót
Þann 11. júní hélt Ungmennaráð viðburðinn Rúllukúlu skátastríð í Egilshöll. Á viðburðinum var spiluð keila og borðuð pítsa. Lágmarks þátttaka fyrir viðburðin var 19 manns en í heild voru 37 þátttakendur og allt fór eftir plani. Keilumót Ungmennaráðs 2024 var vel heppnaður og vel sóttur viðburður.

Froðupartý
Ungmennaráð fékk hugmynd að halda froðupartý á Landsmóti skáta í sumar. Verkefnið var styrkt af mótsstjórn og við leigðum Froðuhöllina miklu og froðuvél frá Skátalandi. Við fengum félaga okkar hann lil hálo til að taka lagið í partýinu. Allt heppnaðist vel og mikil stemmning var hjá öllum í froðupartýinu.

Merkjamót
Þann 12. október hélt Ungmennaráð Merkjamót í Skátamiðstöðinni. Um 30 skátar á aldrinum 13-19 ára sóttu viðburðinn og fræddust um merki og merkjaskipti. Dagskrá var fjölbreytt og kom margt skemmtilegt fólk með dagskrárliði.
Meðlimir ungmennaráðs eru *Annika Danielsdóttir Schnell, Grímur C. Ólafsson, Hafdís Rún Sveinsdóttir, Lára Marheiður Karlsdóttir og Þorkell Grímur Jónsson.* ***Tengiliður úr stjórn BÍS*** er *Auður Sesselja Gylfadóttir.*

Útilífsráð
Útilífsráð fundaði ekki á árinu en Skátamiðstöðin tók á móti ýmsum góðum verkefnum og tillögum frá ráðinu og hélt áfram með þá vinnu. Þar má til dæmis nefna góð verkefni til að vinna að ýmsum færnimerkjum.



VINNUHÓPAR

Þrennuþjálfar

Hlutverk þrennuþjálfa er að vera stuðningshópur fyrir Félagaþrennuna þar sem þau styðja við hvert hlutverk, þ.e. félagsforingja, dagskrárforingja og sjálfboðaliðaforingja. Að auki bjóða þrennuþjálfararnir upp á kynningar á Félagaþrennunni fyrir stjórnir skátafélaga.
Þau félög sem þiggja stuðning fá fund með þrennuþjálfum þar sem farið er yfir almenna stöðu hjá félaginu og áætlun um stuðning rædd og ákveðin. Lögð er áhersla á persónulegan stuðning og hvatningu til að styrkja þrennuforingja í sínu hlutverki.

Meðlimir hópsins eru *Björk Norðdahl, Brynja Guðjónsdóttir, Kristín Birna Angantýsdóttir, Jóhanna Aradóttir og Selma Björk Hauksdóttir.*

Mótsstjórn drekaskátamóts

Mótsstjórn drekaskátamóts sinnir skipulagi, framkvæmd og endurmati drekaskátamóts. Mótið var haldið helgina 31. maí - 2. júní á Úlfljótsvatni. Þemað að þessu sinni var sirkus.

Mótsstjóri var *Reynir Tómas Reynisson og með honum* ***í mótsstjórn*** *voru Arney Sif Ólafsdóttir, Freyja Björgvinsdóttir, Dagur Sverrisson, Davíð Þrastarson og Valur Kári Óskarsson.*

Leiðbeinendasveit

Hlutverk Leiðbeinendasveitarinnar er að skipuleggja, framkvæma og endurmeta leiðtoganámskeið fyrir fálka-, drótt- og rekkaskáta ásamt foringjaþjálfun samkvæmt námsskrá Skátaskólans.

Meðlimir hópsins *eru Brynjar Óli Barkarson, Erla Sóley Skúladóttir, Hinrik Pétur Jóhannsson, Jón Grétar Sigurjónsson og Védís Helgadóttir.*

CREAN vinnuhópur

Hópurinn skipuleggur, framkvæmir og endurmetur þátttöku íslenskra skáta í Crean vetraráskoruninni sem er samstarfsverkefni með írskum skátum. Árið 2024 tók fyrsti íslenski hópurinn þátt eftir nokkurra ára hlé. Á haustönn undirbjó vinnuhópurinn nýjan hóp þátttakenda til að taka þátt í áskoruninni árið 2025.

Meðlimir hópsins *eru Erika Eik Bjarkadóttir, Daði Már Gunnarsson, Davíð Þrastarson og Kjartan Bragi Ágústsson.*

Leiðbeinendahópur Gilwell

Hlutverk leiðbeinendahóps Gilwell er að skipuleggja, framkvæma og endurmeta Gilwell námskeiðin. Hópurinn hélt Gilwell þjálfunina árið 2024 og kláruðu 14 skátar þjálfunina á árinu.

Meðlimir hópsins *eru Björk Norðdahl, Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir, Helga Rós Einarsdóttir, Kristín Hrönn Þráinsdóttir, Guðmundur Finnbogason og Harpa Ósk Valgeirsdóttir.*

Minjanefnd

Minjanefnd skáta er samstarfsnefnd SSR, BÍS og Skátagildanna á Íslandi um varðveislu og skráningu skátaminja. Hver aðili skipar tvo fulltrúa í nefndina.

Fulltrúar BÍS í minjanefnd eru: *Fanney Kristbjarnardóttir og Guðmundur Pálsson.*





SJÁLFSTÆÐ STARFSEMI

Gilwell skálinn

Gilwell skálinn var reistur 1942 og var fyrsta húsið sem skátar byggðu á Úlfljótsvatni. Skálinn þjónaði sem félagsmiðstöð og mötuneyti fyrir sumarbúðastarf skáta á staðnum. Húsið gjörbreytti aðbúnaði skáta á staðnum sem fram að því höfðu eingöngu dvalið í tjöldum. Eftir því sem starfsemi skáta á Úlfljótsvatni þróaðist og jókst hafa aðrar byggingar bæst við. Fyrsta íslenska Gilwellnámskeiðið var haldið þar 1959 og næstum því árlega eftir það.

Fyrir nokkrum árum var farið í verulegar endurbætur og viðgerðir á húsinu og húsmunum og var mikill metnaður lagður í að viðhalda minjum og anda hússins. Sú vinna var unnin í sjálfboðaliðastarfi og er að mestu lokið í dag. Margskonar viðburðir eru haldnir í húsinu, til dæmis kvöldvökur, námskeið, hópavinna og fundir.

Hiklaust má segja að í húsinu eigi íslenska skátahreyfingin merka og einstaka menningareign sem sómi er að vernda og hefur húsið og ástand þess vakið mikla athygli hér heima sem og erlendis. Gilwellskálinn er eign Bandalags íslenskra skáta (ÚSÚ) en sérstök húsnefnd fer með umsjón hans. ***Húsnefndina skipa:*** *Haukur Haraldsson og Víking Eiríksson.*

Hamrar

Útilífsmiðstöð skáta að Hömrum á Akureyri tók formlega til starfa sumarið 2000. Uppbygging og rekstur svæðisins er á vegum sérstaks rekstrarfélags, Hamrar útilífs- og umhverfismiðstöð skáta á Akureyri, í eigu skátafélagsins Klakks sem annast uppbyggingu svæðisins í samvinnu við Akureyrarbæ. Starfsemin að Hömrum er í gangi allt árið þótt meginhluti starfseminnar sé rekstur tjaldsvæðanna á sumrin samkvæmt sérstökum rekstrarsamningi við Akureyrarbæ.

Einnig annast félagið daglega umsjón með húsnæði og skálum Skf. Klakks

Skátasafnið

Árið 2024 var sannarlega gleðilegt og gjöfult í starfsemi Fræðaseturs skáta sem rekur Skátasafnið á Úlfljótsvatni. Rekstrarsamningur við BÍS, endurbætur á húsnæði, flokkun og grisjun safnkosts, endurnýjun sýningarrýma og þátttaka liðlega 100 sjálfboðaliða í starfinu eru atriði sem vert er að geta.

Rekstrarsamningur við BÍS

Á árinu var gengið frá rekstrarsamningi við BÍS sem felur í sér að starfsemi Skátasafnsins í KSÚ er tryggð til komandi ára. Í samkomulaginu felst einnig fjárhagslegur stuðningur við viðhald eigna og húsnæðis sem gerir safninu kleift að búa eins vel að safnkostinum í húsnæðinu og mögulegt er og þeirri starfsemi sem þar fer fram, móttöku gesta, margvíslegrar safnastarfsemi og fleira.

Endurbætur á húsnæði

Í kjölfar mats fagfólks á ástandi KSÚ var unnin fjárhags- og framkvæmdaráætlun um nauðsynlegt viðhald sem ráðast þyrfti í svo húsnæðið gæti uppfyllt þarfir Skátasafnsins varðandi móttöku gesta og sýninga á skátaminjum, m.a. vegna komandi Landsmóts skáta.

Eigendur húsnæðisins, BÍS, lögðu fram fjármuni í endurbætur og var ráðist í framkvæmdir á vormánuðum sem stóðu samfleytt í fjóra mánuði. Fjármagn til framkvæmda kom frá BÍS en öll vinna var gefin af sjálfboðaliðum sem komu úr röðum eldri skáta sem vildu leggja verkefninu lið.

Vel tókst til með fyrstu fasa verklegra framkvæmda og náðist að gera húsnæðið sæmilega klárt fyrir þátttöku safnsins í dagskrá Landsmóts skáta 2024 en Skátasafnið var öflugur þátttakandi í dagskrá mótsins og bauð gestum að fræðast, læra og reyna sig við margvísleg gamalkunn en klassísk og mikilvæg viðfangsefni. „Trikk-hnútur", meðferð og flöggun íslenska fánans og samskipti með Morse-stafrófinu voru á meðal þeirra verkefna sem gestir fengu að spreyta sig á.

Að Landsmóti loknu var áfram haldið með margvíslegar framkvæmdir og stóð sú vinna út allt árið. Þar á meðal dýrmæt verkefni sem snúa að upplýsingaöflun um rafmagns- og vatnsnotkun húsnæðisins. Sú vinna hefur einnig verið unnin af sjálfboðaliðum á vegum safnsins og eru uppi væntingar um að sú vinna muni leiða af sér verulegan sparnað, ekki bara fyrir þann húsakost sem nú hýsir Skátasafnið heldur einnig fyrir staðinn í heild sinni.

Safnkosturinn

Ráðist var í það umfangsmikla verkefni að flytja megnið af safnkosti Skátasafnsins til Reykjavíkur um vorið. Safnið fékk inni í íþróttahúsi Álftamýrarskóla og þar var unnið sleitulaust yfir sumarið við flokkun og grisjun. Að þessu verki kom myndarlegur hópur sjálfboðaliða sem hittist tvo daga í viku yfir tímabilið og vann algjört þrekvirki.

Hluti safnkostsins var svo settur upp á sýningum í KSÚ, einhverju var fargað en öðru pakkað og merkt og flutt til geymslu í Skátamiðstöðinni í Hraunbæ þar sem sjálfboðaliðar munu hafa aðstöðu til að flokka og skrá.

Ýmsir viðburðir

Haldið var upp á 10 ára starfsafmæli Skátasafnsins á Landsmótinu og þann 2. nóvember var blásið til mikillar veislu í Jötunheimum þar sem þeim tugum sjálfboðaliða sem lagt höfðu starfinu lið við flokkun og grisjun safnkostsins og verklegar framkvæmdir í KSÚ, var klappað á bakið fyrir vel unnin störf.

Stjórn Fræðaseturs skáta

Fræðasetur skáta rekur Skátasafnið á Úlfljótsvatni.
Stjórn þess skipa:
Ásta Björnsdóttir, Atli B. Bachmann, Gauti Torfason, Geir Gunnlaugsson, Guðjón Sigmundsson, Guðmundur Pálsson, Gunnar Sæmundsson, Ragna Rögnvaldsdóttir

Stjórn Fræðaseturs skáta þakkar stjórn BÍS og starfsfólki fyrir afar gott samstarf á liðnu ári.

Endurfundir skáta

Endurfundir skáta er vettvangur fyrir eldri skáta að hittast með þeim tilgangi að halda sambandi við skátahreyfinguna og hvort annað. Endurfundir eru haldnir mánaðarlega yfir vetrartímann og er boðið upp á léttan mat, góðar samverustundir og jafnvel nokkra skátasöngva. Að auki er boðið upp á styttri ferðir og heimsóknir á skátamót með hópnum.

Endurfundir eru skipulagðir af bakhópnum en ***meðlimir hans eru*** *Arndís Jónsdóttir, Björg Sigmundsdóttir, Gunnar E Hafberg, Haukur Haraldsson, Ingibjörg Marteinsdóttir, Jóhanna Þorleifsdóttir, Matthías Pétursson og Svanur Ingvason.*



DÓTTURFÉLÖG BÍS

Grænir skátar ehf.

Hjá Grænum skátum ehf. störfuðu um 60 starfsmenn í 25 stöðugildum á árinu. Tveir starfsmanna Grænna skáta eru á launum hjá Reykjavíkurborg og munar mikið um þann stuðning. Flestir starfsmenn Grænna skáta, um 45 manns, búa við skerta starfsgetu og veitir þessi starfsemi þeim kærkomið tækifæri til þess að sinna launaðri vinnu og þátttöku á atvinnumarkaðnum. Grænir skátar eru með samning við Vinnumálastofnun (VMST) í tengslum um verkefnið: „Atvinna með stuðning“ og tekur VMST þátt í launagreiðslum þeirra starfsmanna sem tengjast verkefninu. Flestir þessara starfsmanna eru í hlutastarfi. Að auki starfa 12 starfsmenn hjá Grænum skátum í tímavinnu og sinna helgarvöktum og koma inn á álagspunktum.

Rekstur Grænna skáta gekk afar vel á árinu og jókst bæði velta og hagnaður fyrirtækisins. Bætt afkoma fyrirtækisins er afar mikilvæg fyrir BÍS og eykur rekstraröryggi skátahreyfingarinnar. Á árinu varð áframhaldandi aukning á þjónustu tengdri húsfélögum og fyrirtækjum en þessi þjónusta verður stöðugt umfangsmeiri í rekstrinum og er afar góð viðbót við gjafaumbúðirnar. Grænir skátar sækja í þeim tilfellum flöskur og dósir til viðskiptavina þegar þörf er á eða eftir reglulegu tímaplani og eru viðskiptavinir okkar rúmlega 600. Viðskiptavinurinn fær greiddan hluta af skilagjaldi til sín og Grænir skátar taka hlut sem þjónustugjald. Aukinn fjöldi ferðamanna hefur haft jákvæðar afleiðingar fyrir fyrirtækið þar sem við þjónustum hótel og veitingastaði. Það magn sem kom í söfnunargáma Grænna skáta minnkaði lítillega á milli ára sem skýrist af minni neyslu landsmanna. Stefnt er að meiri fjölgun á nýju ári. Gjafaumbúðirnar gefa Grænum skátum hæst endurgjald og er því mikilvægt að reyna að auka þann þátt og verður unnið að því á árinu 2025.

Vöxtur Grænna skáta hefur verið góður undanfarin ár og rekur fyrirtækið nú 7 bifreiðar sem sækja drykkjarumbúðir með skilagjaldi allt frá Suðurnesjum og austur að Geysi.

Söfnun á Akureyri í samvinnu við skátafélagið Klakk. 11 söfnunargámar eru á grenndarstöðvum á Akureyri og sér útilífsmiðstöðin Hamrar um að þjónusta gámana. Vel hefur gengið með verkefnið og skilar það góðum tekjum til skátafélagsins.

Grænir skátar gerðu tveggja ára þróunarsamning við Sorpu á árinu um söfnun á textíl á grenndarstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið hófst að fullu í júlí og hefur gengið gríðarlega vel og styrkt frekar tekjustoðir Grænna skáta. Fótspor Grænna skáta í hringrásarhagkefinu er stórt í dag og skiptir framlag okkar miklu máli bæði samfélags- og umhverfislega. Í gegnum fyrirtækið fara um 12% af öllum drykkjarvörum með skilagjaldi sem falla til á landinu.

Helstu stjórnendur Grænna skáta:

Jón Ingvar Bragason - Framkvæmdastjóri

Júlíus Aðalsteinsson - Rekstrarstjóri

Rúnar Már Bragason – Verkefnastjóri Flöskumótttöku Hraunbæ 123

Ágúst Örn Sigmarsson – Verkefnastjóri flokkunar á Eldshöfða

Skátabúðin ehf.

Skátabúðin er rekin í Skátamiðstöðinni í Hraunbæ 123 og hefur rekstur hennar gengið vel. Áhersla er lögð á að selja skátavörur til skáta og skátafélaga ásamt mikilvægri sölu á gervijólatrjám. Sala gervijólatrjáa gekk vel og er áhersla nú sett á að bæta jafnvægi í innkaupum. Jólatrén eru vinsæl gæðavara og viljum við halda þeirri stefnu áfram, þ.e. að selja gæðavöru sem við erum stolt af.

Nýja vörumerkið sem tekið var inn árið 2023, Asivik, hefur verið selt við góðar undirtektir. Skátabúðin var á Landsmóti skáta og var gríðarlega vinsæl, einkum Asivik vörurnar þegar mikið af fólki þurfti að kaupa auka búnað vegna breytinga á veðri. Áhersla verður áfram sett á að auka þjónustu við skáta og skátafélög með því að minnka biðtíma og bæta ferla. Enn verður hægt að forpanta Asivik vörur og er vonast til að það verði nýtt í meiri mæli en hefur verið.

Skátabúðin mun einnig taka yfir rekstur á sjoppu á Úlfljótsvatni og uppbyggingu hennar.

Starfsmaður Skátabúðarinnar:
Úlfur Kvaran -
Sölu- og markaðsfulltrúi



Skátamót ehf.

Skátamót heldur utan um undirbúning og framkvæmd viðburða á vegum BÍS. Árið 2024 var mjög umfangsmikið þar sem vel heppnað Landsmót skáta var haldið á Úlfljótsvatni og þakkar stjórn Skátamóta öllum þeim sem komu að Landsmóti skáta árið 2024.

Úlfljótsvatn

Starfsemi skáta á Úlfljótsvatni hófst árið 1941 og hefur starfsemin aukist jafnt og þétt síðan þá. Aðstaðan hefur stækkað með ári hverju og má fullyrða að þar sé eitt af best útbúnu útivistarsvæðum á Íslandi. BÍS er rekstraraðili staðarins og er markmið okkar að nota staðinn til að efla skátastarf í landinu og styðja við foringjaþjálfun. Staðurinn verður áfram rekinn í svipaðri mynd og hefur verið undanfarin ár.

Stærsta verkefni ársins 2024 var að sjálfsögðu Landsmót skáta þar sem um 2000 skátar alls staðar að úr heiminum komu saman á Úlfljótsvatni í heila viku. Þrátt fyrir veður og aðrar áskoranir gekk mótið vel og innviðir Úlfljótsvatns héldu vel utan um þátttakendur, starfsfólk og sjálfboðaliða.
Á árinu voru erlendir sjálfboðaliðar 28, starfsmenn á staðnum voru 3 í fullu starfi, 2 í hlutastarfi og í Skátamiðstöðinni í Hraunbæ 123 sinntu 4 starfsmenn verkefnum fyrir Úlfljótsvatn. Eru þá ótaldir þeir fjölmörgu íslensku sjálfboðaliðar sem sinntu stórum og litlum verkefnum fyrir staðinn, ekki síst í aðdraganda Landsmóts og á meðan á því stóð. Auður Úlfljótsvatns liggur ekki síst í þeim hópi sem þekkir staðinn og sinnir honum af kostgæfni.
Gistinætur ársins voru um 14.000 ef Landsmót er ekki talið með en vel yfir 30.000 að mótinu meðtöldu. Helstu sóknarfærin fyrir næstu ár liggja annars vegar í skólabúðum og hins vegar í tjaldsvæðinu.

Skólabúðir tóku á móti 22 skólum þetta árið, í stað 31 árið áður. Nemendur voru alls 848 en voru 1034 árið áður.

Í sumarbúðum voru keyrð 6 námskeið og 241 börn og unglingar fengu góða útivistar- og skátaupplifun. Það er fjölgun frá fyrra ári upp á 49 þátttakendur.

Eins og venjan er þegar stórmót eru haldin jukust útgjöld og tekjur Úlfljótsvatns frá fyrra ári. Ef rýnt er í rekstrartölur sést að velta eykst um 40% á milli ára og skýrist það einna mest af Landsmóti, þó að aðrir þættir hafi líka skilað auknum tekjum á milli ára. Á sama tíma jukust útgjöld, bæði vegna stórra verkefna og vegna átaks í viðhaldi á fasteignum og tækjum. Það má því segja að þó að rekstrarniðurstaða ársins sé nálægt núlli kemur staðurinn út í plús. Á sama tíma og reksturinn er að ná því stigi að vera fjárhagslega sjálfbær er ljóst að mjög lítið má út af bera til að það breytist. Því er mikilvægt að halda merkjum Úlfljótsvatns sem hæst á lofti og vanda vel til verka. Aðalhlutverk Útilífsmiðstöðvarinnar er enn sem áður að vera samastaður skáta auk þess að byggja upp og bjóða hágæða útinám fyrir ungt fólk. Það væri ekki hægt nema með stuðningi BÍS og samstarfi skátasamfélagsins.

Starfsfólk á Úlfljótsvatni í árslok 2024 voru: *Elín Esther Magnúsdóttir* rekstrarstjóri, *Daði Már Gunnarsson* skólabúðastarfsmaður,*Sjöfn Ingvarsdóttir* skóla- og sumarbúðastýra og *Tero Marin* tjaldbúða- og svæðisstjóri.

Á árinu létu af störfum: *Javier Paniagua Petisco, Matthew Dineen og Rita Osório. Eru þeim færðar miklar þakkir fyrir þeirra störf.*

SAMSTARFS-VETTVANGUR BÍS

BÍS starfar í tengslum við félög og stofnanir sem starfa að málefnum er lúta að velferð barna og ungmenna og öðrum þeim málum sem samræmast grunngildum BÍS og markmiðum skátahreyfingarinnar.

Æskulýðsvettvangurinn

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) er samráðsvettvangur Bandalags íslenskra skáta, Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, KFUM og KFUK á Íslandi og Ungmennafélags íslands (UMFÍ). Tilgangur og markmið félagsins er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslu- og forvarnarmála, útbreiðslu og kynningar sem og á öðrum sviðum eftir því sem þurfa þykir.

Ráðgjafahópur ÆV

Hlutverk ráðgjafahópsins er að vera verkefnastýru ÆV innan handar í verkefnum félagsins. Í ráðgjafahópnum er einn fulltrúi frá hverju aðildarfélagi og situr Katrín Kemp Stefánsdóttir í hópnum fyrir hönd skátanna.

Verkefni ÆV

Verkefni ÆV eru fjölbreytt en snúa að mestu leyti að því að standa fyrir námskeiðum sem miða að því að fræða starfsfólk og sjálfboðaliða aðildarfélaganna um málefni er lúta að hagsmunum þátttakenda í starfi félaganna.

Námskeiðadagskrá

Það er mikilvægt að öll sem starfa með börnum og ungmennum séu meðvituð um skyldur sínar og ábyrgð og viti hvernig á að bregðast við þegar upp koma atvik eða áföll í starfinu. Eitt af markmiðum Æskulýðsvettvangsins er að stuðla að aukinni fræðslu og forvörnum í íþrótta- og æskulýðsstarfi á Íslandi í þeim tilgangi að gera umhverfi barna og ungmenna í félagsstarfi öruggara. Einn mikilvægasti liðurinn í því eru námskeið sem ÆV heldur og geta sjálfboðaliðar á vegum aðildarfélaganna, og aðrir áhugasamir, sótt án endurgjalds.

Árið 2024 voru eftirfarandi námskeið haldin samkvæmt námskeiðadagskrá Æskulýðsvettvangsins:

- Hinsegin fræðsla
- Samskipti og siðareglur
- Verndum þau

Að auki býður Æskulýðsvettvangurinn upp á eftirfarandi námskeið:

- Inngilding og fjölmenning
- Vinnustofa um inngildingu og fjölmenningu
- Einelti í íþrótta- og æskulýðsstarfi
- Hatursorðræða
- Netnámskeið í barnavernd
- Netnámskeið um samskipti og siðareglur

Siðareglur

Siðareglur Æskulýðsvettvangsins eru þær siðareglur sem starfsfólk og sjálfboðaliðar BÍS starfa eftir.

Aðrar nefndir og samtök

WAGGGS, World Association of Girl Guides and Girl Scouts
Tengiliður: Sunna Líf Þórarinsdóttir og Egle Sipaviciute

WOSM, World Organisation of the Scout Movement
Tengiliður: Berglind Lilja Björnsdóttir

European Region WAGGGS
Tengiliður: Sunna Líf Þórarinsdóttir og Egle Sipaviciute

European Scout Region
Tengiliður: Berglind Lilja Björnsdóttir

Samstarfsnefnd Norrænu skátabandalaganna
Tengiliðir: Berglind Lilja Björnsdóttir, Sunna Líf Þórarinsdóttir og Egle Sipaviciute

Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands
Tengiliður: Skátamiðstöðin

Æskulýðsráð
Tengiliður: Skátamiðstöðin

Æskulýðsvettvangurinn
Tengiliður: Skátamiðstöðin

Norræna æskulýðsnefndin
Tengiliður: Skátamiðstöðin

FOSE, Friends of Scouting in Europe
Tengiliður: Júlíus Aðalsteinsson



Kærar þakkir fyrir viðburðaríkt ár